

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 12.04.2018.

Fundarstaður: Álftanesi

Fundur settur kl. 20:00. Mættir eru : GS, DHS, MG, BHB, HÞB

- Farið yfir stöðu á bókaútgáfu Ævars Petersen. MG á fund með Ævari í næstu viku og mun veita aðstoð fyrir hönd FFF við útgáfu bókarinnar.
- Umræður um stígagerð og áningarstaði. Upplýst að bekkir frá Fangelsum ríkisins séu komnir í Flatey og aðrir 10 séu á leiðinni frá Úkraínu ósamsettir.
- Ákveðið að hafa vinnuferð helgarnar 11.-13. maí og 18.-21. maí. Húseigendur eru hvattir til að skila tímum við stígagerð og samsetningu bekkja.
- Fyrirspurn barst frá SAGA film um að fá afnot af nokkrum myndum á vefsíðu FFF til að prenta út, setja í ramma og nota í kvikmynd. MG mun spyrja einn eiganda myndanna leyfis og DHS mun ræða við Kristinn Nikulásson vegna annara mynda. Mælt með að SAGA FILM setji sig svo í samband við eigendur myndanna af heimasíðu FFF.
- Umræður um flokkun á rusli. Stjórn FFF hvetur fólk til að flokka rusl og stefnir á að láta bera aftur út kynningarefni/flokkunarspjald í öll hús. Einnig rætt um hvort bæta þurfi við öðrum gámi fyrir plast og pappa. Samþykkt að hafa samband við Íslenska Gámafélagið um næstu skref.
- Fundargerð aðalfundar yfirfarin og samþykkt með áorðnum breytingum.
- Skipan framtíðarnefndar rædd. Gengið hefur vel að fá fólk í verkefnið og verið að er að ljúka við að fullmanna nefndina.
- Fortíðarnefnd; MG verður tengiliður stjórnar og setur sig í samband við Albert Pál með frekara framhald.
- Umræður um Flateyjardaga, helgina eftir verslunarmannahelgi. Samþykkt að DHS taki ábyrgð á dagskrá fyrir hönd FFF.

Fundi slitið kl. 22:00